

SKOÐUN

AÐ ÞEKKJA UPPRUNA SINN

Í GREINARGERÐ með Frumvarpi til laga um tæknifrjógvun (lagt fyrir á 120. lög-gjafarþingi 1995) stendur eftirfarandi klausa:

„Við setningu laga um tæknifrjógvun ber og að líta á málið frá hinum ýmsu sjónarhornum og kunna þá mismunandi hagsmunir að rekast á. Meta verður hagsmuni barns þess sem til verður með þessum hætti, hagsmuni hins barnlausa pars og margvíslega þjóðfélagslega hagsmuni. Þyngst hljóta að veða hagsmunir barnsins og það að því verði tryggð þroskavænleg uppvaxtarskilyrði“ (bls. 9).


Sjálfsagt er að taka undir þessi orð, en því miður sér þeirra ekki nægilega stað í frumvarpinu sjálfu. Mér virðist raunar að sum grundvallaratriði í frumvarpinu miði miklu fremur að því að vernda hagsmuni annarra en barnsins sjálfs. Þessari staðhæfingu til stuðnings nefni ég sérstaklega 4. gr. frumvarpsins þar sem segir:

„Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að tryggja gjafa nafnleynd.“

Rókin sem færð eru fyrir þessari ráðstöfun vísa í raun alls ekki til hagsmuna barnsins sjálfs. Í greinargerðinni segir: „Ekki verður talið tímabært að setja í lög ákvæði er tryggir börnum, sem getin eru með gjafakynfrumum, rétt til vitneskju um líffræðilegt faðerni eða móðerni“ (s. 15).

Það er athyglisvert að leita svara við því hvers vegna þetta er ekki talið „tímabært“. Ég hef komið auga á fjórar skýringar á þessari tilhögun sem allar vísa í hagsmuni annarra en barnsins. Ég mun nú rekja þær stuttlega.

Í fyrsta lagi er augsnýlega verið að verja hagsmuni þeirra sem gefa kynfrumur í tæknifrjógvunarskyni, í flestum tilvikum sæði. Þessi skoðun kom reyndar berlega fram í orðum dómismálaráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpinu. Þá fórust honum orð á þá leið að vissulega vægju þungt hagsmunir barnsins til að þekkja uppruna sinn, en á móti kæmu hagsmunir gjafans að ekki væri hægt að rekja barnið til hans. Í stað þess að bera saman þessa hagsmuni og færa rök fyrir



Vilhjálmur Árnason

hvorum um sig, þá lét ráðherra það nægja, líkt og frumvarpshöfundar, að gefa sér að hagsmunir gjafans vægju þyngra. Hvaða hagsmunir skyldu nú vera svona mikilvægir fyrir kynfrumugjafann? Vætanlega einkum þeir að þurfa ekki að gegna foreldra-skyldum eða erfðaskyldum gangvart barninu. En vel ætti að vera hægt að tryggja hagsmuni gjafa í lögum að þessu leyti, þótt réttur ein-

staklingsins til þess að vita uppruna sinn væri tryggður. Þetta tvennt er á engan hátt ósamrýmanlegt. Menn geta auðvitað bent á þá áhættu sem gjafi tæki að einhverjir afkomendur hans myndu reyna að hafa samband við hann, en ég get ekki séð að slík áhætta, ef áhættu skal kalla, vegi síðferðilega þungt á metunum. Það er edlilegt og sjálfsagt að fólk sem gefur kynfrumur velti því fyrir sér að ábyrgð þess er nokkur og ég tel ástæðulaust að krefjast þess að því sé tryggð alger friðhelgi um aldur og ævi vegna þessa gjörnings. Mér virðist ótvírætt að hagsmunir einstaklings að þekkja líffræðilegan uppruna sinn séu mikilvægari.

Enda hef ég enga trú á því að svonefndir hagsmunir gjafans vegi þungt í hugum frumvarpsmanna. Ég held hún sé ekkert annað en yfirsýn fyrir þá hagsmuni sem í raun er verið er að verja. Hér á ég við hagsmuni starfsmanna sjálfrar, þeirra sem að henni standa og þeirra sem þjónustuna þiggja. Ég tel víst að hin undirliggjandi og óorðuðu rök sem menn hafa fyrir því að skylda heilbrigðisstarfsfólk til að tryggja nafnleynd gjafa sé sú að þeir telji að væri barni heimil að að þekkja uppruna sinn myndi fólk verða mun ófúsara en nú er til að gefa kynfrumur sínar til tæknifrjógvunar. Væri nafnleynd aflétt myndi það með öðrum orðum nánast leggja starfsemi tæknifrjógvunardeildar í rúst. Sé þetta rétt til getið hjá mér, þá held ég að þessi viðbrögð séu ákaflega yfirdrifin. Ég held að engin ástæða sé til að örvænta um starfsemi tæknifrjógvunardeildar þótt nafnleynd gjafa væri ekki tryggð. Í fyrsta lagi þá myndi meginreglan sem

Mér virðist raunar að sum grundvallaratriði í frumvarpinu miði miklu fremur að því að vernda hagsmuni annarra en barnsins sjálfs, skrifar Vilhjálmur Árnason í tilefni frumvarps til laga um tæknifrjógvun.

sett er fram í 6. gr. frumvarpsins – „Glasaftrjógvun má því aðeins framkvæma að notaðar séu kynfrumur parsins“ – enn vera í fullu gildi. Hún yrði hins vegar ekki að engu gerð með eilífum undantekningum eins og frumvarpið gerir í núverandi mynd. Í öðru lagi er verið að próa nýja tækni í glasaftrjógvun sem mun draga mjög úr þörfinni á gjafakynfrumum. Og í þriðja lagi væri hægt að koma á sæðis-bankavíðskiptum við Svíþjóð þar sem lög kveða á um að barn eigi rétt á að fá upplýsingar um sæðis-gjafa þegar það hefur þroska til. Þau rök sem fram komu í greinargerð nefndarinnar að nafnleyndarlöggjöf í Danmörku, sem íslenska tæknifrjógvunardeildin á nú sæðis-bankavíðskipti við, setji Íslendingum skorður eru ekki marktæk. Við getum ekki sniðið okkar lög eftir hæginni löggjöf í öðru landi vegna víðskiptahagsmuna. Mér virðist það raunar einkenna hugsun frumvarpshöfunda almennt að þeir réttlæti tillögur sínar með því að vísa í tilhögun þessara mála í öðrum löndum fremur en að færa fram sjálfstæð rök fyrir réttlátri og góðri íslenskri löggjöf. Þriðju hagsmunirinn sem greina má undir niðri að knýi á um nafnleynd gjafa tengjast foreldrunum og fjölskyldu þeirra barna sem í hlut eiga. Því er þá haldið fram að ef nafnleynd væri aflétt af gjafanum yrði ófrjósömum foreldrum gert erfiðara fyrir að eignast barn. Þetta eru réttnefnd síðferðileg rök vegna þess að margir upplifa barnleysi sem böll og því er brýnt að leita leiða til að bæta úr því. En hér er því til að svara að ef hagsmunir barnsins til að vita uppruna sinn eru metnir að verð-

leikum, þá má ekki ýta þeim til hliðar til þess eins að bæta úr barnleysi og lina þjáningar sem því kunna að fylgja. Þá er farið að nota barnið sem tæki til að þjóna markmiðum foreldra, en horft framhjá því að það er einstaklingur með sjálfstæð réttindi og hagsmuni. Ég tek undir þau orð í athugasemdum við frumvarpið að „réttur parsins víki fyrir þeim hagsmunum er varða uppeldisástæður barnsins“ (s. 11), en bendi jafnframt á að ekki má skoða uppeldisástæður bara frá félagslegu og heilsufarslegu sjónarmiði eins og gert er í frumvarpiðu.

En það eru einnig aðrir og hæpnari hagsmunir sem tengdir eru foreldrum og varða nafnleynd gjafa. Hér á ég við þann málátalbúnað sem miðar að því að sem mest leynd hvíli yfir því að fólk leiti sér hjálpar til að eignast barn með þessum hætti. Það rennir stóðum undir þetta að veruleg áherzla er lögð á það að finna kynfrumugjafa sem sé „í útliti sem líkastur foreldrinu, svo sem að því er varðar líkamsbyggingu, hæð, augna- og háralit og blóðflokk“, svo vitnað sé í athugasemdirnar við frumvarpið (s. 13). Þetta virðist vera liður í því að telja öllum trú um að barnið sé líffræðilega barn foreldra sinna, en ekki tilkomið með öðrum hætti. Sú ráðstöfun að meina einstaklingi að þekkja uppruna sinn er þá liður í þessum feluleik.

Þessir „hagsmunir“ virðast mér að séu algerlega ímyndaðir. Ég fæ ekki séð hvernig það getur raunverulega þjónað hagsmunum fólks að halda fram ósannindum eða ástunda einhvers konar blekkingaleik. Allra sízt mun slíkt athæfi þjóna hagsmunum barnsins sem er í stöðugri „áhættu“ að finna út hið sanna um tilurð sína.

Ýjað er að því í athugasemdum við frumvarpið að slíkt val kynfrumugjafa kunni að þjóna hagsmunum samfélagsins. Þar segir: „Innflutningur sæðis er því áfram fýsilegur kostur, að því tilskildu að vinnslan fullnægi ströngustu kröfum og að um skyldar þjóðir sé að ræða með lítilli blöndun kynþátta“ (s. 14). Hér trúir maður varla sínum eigin augum. Af þessari athugasemd liggur beint við að draga þá ályktun að nefndin telji að tæknifrjógvun sé mun fýsilegri kostur en ættleiðing sem augljóslega stuðlar að blöndun kynþátta. Ef fordómar eru í landinu gegn ættleiðdum börnum eða þeim sem getin eru með gjafakynfrumum, þá eru það slæm viðbrögð að fara í feluleik og láta alla halda að öll börn séu af íslenskum uppruna. Það á að takast á við vandann með hreinskilinni og opinni umræðu þar sem allur sannleikurinn fær að koma fram.

Í athugasemdum við frumvarpið eru sett fram ein rök sem óneitanlega vísa í hagsmuni barnsins sjálfs. Þau eru sett óljóst fram eins og

sést af eftirfarandi setningu: „Hugmyndinni um að æskilegt sé að þekkja hinar líffræðilegu rætur sínar hefur lítt verið andmælt en þó hafa komið fram gagnrýnisráddir varðandi það að skapa óvissu meðal barna og eftirvæntingu sem síðan reynist erfiðt að fullnægja“ (s. 14). Það er hárrétt athugað að sé einstaklingi heimilað að leita sér vitneskju um uppruna sinn getur það skapað óvissu hjá barninu. En aðalatriðið er að ef leitað er út fyrir samband parsins og gjafakynfrumur notaðar, þá vakna þegar í stað erfiðar síðferðilegar spurningar því að hagsmunum barnsins er teft í tvísýnu. Þá er enginn kostur góður. Og einmitt þess vegna finnst mér sérkennilegt að frumvarpið kveði ekki á um rétt fólks á fjölskylduráðgjöf til að takast á við þær tilfinningaflækjur og þann tilvistarvanda sem glasaftrjógvun getur haft í för með sér.

Þeirri spurningu er hins vegar ósvarað hvaða ályktanir á að draga af þeirri óvissu sem barnið kann að vera sett í. Frumvarpshöfundar hafa kosið að fara leið forræðis-hyggjunnar. Þeir vilja vernda barnið fyrir óvissunni með því að tryggja kynfrumugjafa nafnleynd. Þetta væri e.t.v. verjanleg afstaða ef einstaklingurinn sem í hlut á yrði alltaf barn. En þeir sem halda fram rétti einstaklinga til þess að þekkja uppruna sinn eru að tala um fullveðja fólk, fólk sem er fullfært um að meta það sjálft hvort það á að neyta þessa réttar síns eða ekki. Það er réttmætt að tryggja nafnleynd gjafa gagnvart öllum þeim sem að málinu koma. En það er gróft mannhelgisbrot að útiloka fyrirfram að fullveðja einstaklingur geti leitað þeirrar vitneskju og slíkt brot verður engan veginn réttlætt með óljósum athugasemdum um óvissu eða óþægindi sem það kann að hafa í för með sér fyrir barnið, fjölskylduna eða jafnvel tæknifrjógvunardeildina. Það er sama hvort barninu er gefinn kostur á að vita uppruna sinn eða ekki; í báðum tilvikum er hagsmunum barnsins teft í tvísýnu. Það eitt virðast mér vera nægilega sterk rök gegn því að þjóðfélagið heimili tæknifrjógvun með gjafakynfrumum. Með þessu er ég alls ekki að efast um að foreldrarnir muni sinna skyldum sínum. En ég mæli gegn því að samfélagið standi fyrir því að slíta vísvitandi sundur þá líffræðilegu, félagslegu og síðferðilegu þætti sem samofnir eru í foreldrahlutverkinu.

Spyrja má hvort sama mótbára gildi ekki gegn ættleiðingum. Það er ekki fyllilega sambærilegt. Þar eiga í hlut nauðstödd börn sem oft eru munaðarlaus. Mikilvægur munur er á því að ættleiða barn sem þegar er komið í heiminn og er í vanda statt, og hinu að leggja á ráðin um að búa til barn sem standa mun halloka að þessu leyti. Börn sem tekin eru í fóstur eða ættleidd eiga líka rétt á allri þeirri vitneskju um uppruna sinn sem tiltæk er og kappkostað er að virða þann rétt.

Meginniðurstaða mín er sú að ef hagsmunir barnsins eiga að veða þyngst, eins og frumvarpshöfundar gera ráð fyrir, þá ætti einungis að heimila í lögum tæknifrjógvun þar sem báðar kynfrumur eru komnar frá þarinu sjálfu. Sé hins vegar farið út í tæknifrjógvun með gjafakynfrumum, eins og allt útlit er fyrir, þá á að standa þannig að málum að einstaklingnum sé gefinn kostur á því að leita síðar eftir öllum þeim upplýsingum um sjálfan sig sem tiltækar eru. Það er óþolandi og óverjandi staða að hafa ekki aðgang að upplýsingum um sjálfan sig sem aðrir búa yfir. Það er því miklu meira en „tímabært“ að tryggja börnum sem getin eru með gjafakynfrumum rétt til vitneskju um líffræðilegt faðerni eða móðerni; það er síðferðilega nauðsynlegt.

Fallegir skartgripir til fermingargjafa

Mikið úrval af fallegum skartgripum til fermingargjafa úr gulli og silfri á frábæru verði



A mynd 14 k gullhringar handsmiðaðir með lituðum steinum verð aðeins 6900 kr.

Gull
Höllin

Laugavegi 49,
sími 561 7740.

MATAR

GESTIR

Gestirnir hans Magnúsar í kvöld eru að þessu sinni allir kunnir matgæðingar:

Einar Thoroddsen, Sigmar B. Hauksson, Gilbert Yok-Peck Khoo, Sólvieg Elríksdóttir og Ingvi Bj. Jónsson.

Þau munu spjalla á skemmtilegan hátt um matarvenjur Íslendinga fyrr og nú.

GESTIR (HJÁ MAGNÚSI SCHEVING)
SUNNUGAGUR KL. 21:15

Peir sem gerast áskrifendur fyrir páska fá páskaegg frá Nóa - Sírius. Áskriftarsími 533 5633

STÖÐ

Höfundur er dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, en greinin er byggð á erindi sem flutt var á málþingi Háskólans 14. febrúar sl.